


BR



**HAFNARFJARÐARBÆR**  
 SKIPULAGS- OG BYGGINGAFULLTRÚI  
 Strandgötu 8-10, 220 Hafnarfjörður  
 Sími 585 5600 Fax 585 5609

I.T.A

Hafnarfjarðarbær
Innk: 21.11.13
Málsnr: 1311326
Prófal: 521.1

**Umsókn um byggingarleyfi**

Afgreiðsla skipulags- og byggingarfulltrúa

**1. Umsækjandi**

Nafn umsækjanda/eiganda	Kennitala	Heimilisfang	Netfang
Héðinsnaust ehf	480609-0500		Gjáhellu 4, Hafnarfirði

**2. Lóð**

Heiti	Nr.	Staðgreinir	Matshluti	Landnúmer
Íshella	10	1400-1-46900100		188568

**3. Tegund byggingar / framkvæmdar**

Einbýlishús   
  Parhús   
  Raðhús   
  Fjölbýlishús   
  Atvinnuhúsnæði  
 Skilti   
  Annað, hvað?

**4. Framkvæmd sem sótt er um**

Aðrar upplýsingar varðandi framkvæmd	Framkvæmd	Aðalbyggingarefni
Sótt er um leyfi til að breyta stiga í starfsmannakjarna, setja glugga á skrifstofu á 2. hæð (norður hlið), ásamt minniháttar aðlögun meðfylgjandi uppdráttu að byggingunni eins og hún var byggð. (reyndarteikningar)	<input type="checkbox"/> Ný framkvæmd /nýbygging <input type="checkbox"/> Viðbygging <input checked="" type="checkbox"/> Breyting inni <input checked="" type="checkbox"/> Breyting úti	<input type="checkbox"/> Steinsteypa <input type="checkbox"/> Timbur <input checked="" type="checkbox"/> Stál <input type="checkbox"/> Gler

**5. Meðfylgjandi gögn og upplýsingar varðandi umsókn**

5. Uppdráttarblöð í þríriti   
  Samþykki nágbranna   
  Frávik frá skilmálum/breyting á landnotkun  
 Mæliblað   
  Ástandsskýrsla   
  Umsögn Húsfriðunarnefndar ríkisins  
 Hæðarblað   
  Breytingar á eignaskiptum   
  Vottunbyggingareininga  
 Bréf umsækj./hönnuða   
  Starfsleyfisskyld atvinnustarfsemi   
 Skráningartafla  
 Samþykki með eig. / -löðarhafa   
 Brunavarnauppdrættir   
 Gátlisti

**6. Undirritun**

Við byggingarframkvæmdir sem sótt er um verður farið eftir ákvæðum byggingarlaga, byggingarreglugerðar og annarra laga og reglugerða sem við eiga.

Í fullu umboði löðarhafa, staður dagsetning:

Nafn	Kennitala	Heimilisfang	Netfang/Sími
------	-----------	--------------	--------------

Helgi Már Hauksson 301258-7049 Ask Melitertur helgi.m@ask.is  
 (Ánni Ingólfss 660-2110) Strandgötu 9 856.0302  
 107 R.ÖL.

Kvittun fyrir móttöku

## Minnisblað



TIL	Byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.	DAGS	21.11.2013
FRÁ	Ask Arkitektum/Helgi Már Halldórsson/Össur Imsland	AFRIT	

MÁLEFNI: **ÍSHELLA 10, AÐALUPPDRÆTTIR**

Meðfylgjandi eru upprættir af Íshellu 10 á iðnaðarsvæðinu Hellnahnrauni í Hafnarfirði.

Nýlega urðu eigendaskipti á húsinu og starfsemi vélsmiðju sem hefur verið þar undanfarið hefur verið flutt burtu og stendur húsið nú tomt. Í upphafi gerðu nýjir eigendur (Héðinn hf) ráð fyrir að nota húsið fyrir eigin starfsemi en óvíst er um þær fyrirætlanir að sinni og kann svo að fara að húsið verði leigt út eða selt og því er ekki hægt að segja fyrir um nú hvaða starfsemi kann að verða í húsinu á næstunni.

Við eigendaskipti kom í ljós að ýmsum athugasemdum byggingarfulltrúa vegna lokaúttektar hafði ekki verið sinnt og lokaúttekt ekki farið fram. Nú er unnið að því að gera bragarbót á því og við hjá ASK höfum unnið meðfylgjandi aðaluppdrætti í samráði við upphaflegan arkitekt hússins. Nokkrar breytingar eru gerðar, fyrst og fremst í í skrifstofuhluta og starfsmannaaðstöðu. Þessar breytingar eru þó minni háttar og sumar aðlögun að því sem byggt var og frávik frá upprunalegum samþykktum teikningu. Dæmi um að er stigi milli hæða.

Þar sem óljóst er hvaða starfsemi fer í húsið á næstunni, fylgja ekki með umsóknir um starfsleyfi á þessu stigi.

## ÍSHELLA 10

### MINNISBLAÐ

VERKNÚMER: 13234-001 DAGS: 2013-11-01  
VERKHLUTI: 01 NR.: 1  
HÓFUNDUR: Davíð S. Snorrason  
DREIFING: Héðinn hf., ASK arkitektar og byggingaryfirvöld

### Málefni: Brunamál

Verkís var falið að yfirfara brunavarnir aðaluppdráttu vegna ábendinga frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. ASK arkitektar sjá um reyndarteikningar (nýja aðaluppdrætti) fyrir núverandi eiganda hússins, með smávægilegum breytingum á stiga og brunavarnartexta. Gerðar voru athugasemdir við milligólf í starfsmannahluta og upplýsingar um reyklosun úr vinnslusal hússins þegar uppdrættir voru lagðir inn vegna smávægilegra breytinga í starfsmannahluta. Gert er ráð fyrir að minnisblaðið fylgi aðaluppdráttum.

### 1 Umfjöllun

Aðaluppdrættir af húsinu voru samþykktir í júní 2001 en lokaúttekt hefur ekki farið fram. Nú er unnið að lokaúttekt hússins og því þurfti að uppfæra aðaluppdrætti til samræmis við smávægilegar breytingar á stiga í starfsmannahluta hússins.

#### Milligólf/hæðaskil í starfsmannahluta

Á samþykktum teikningum voru hæðaskilin merkt sem EI 60 sem sjálfkrafa er REI 60 þar sem plötur eru alltaf berandi. Brunahönnuður hefur skoðað möguleika á að beita náttúrulegu brunaverli til að reikna hitaáráun á stálburðarvirki. En þar sem reikna þarf fullt brunaverli (meðal áhætta) og eiginþungi gólfsins er það mikill vegna holplatananna mun slíkt alltaf leiða þess að eitthvað þurfi að verja stálvirkið þó það nái ekki endilega R60. Því er lagt til að burðarvirkið undir gólfinu verði varið sem R60, skv. forskrift. Þar sem um þegar byggt virki er að ræða verður að skoða hvernig megj verja virkið á sem hagkvæmastan hátt. Þar sem stálvirkið er sýnilegt er lagt til að það verði klætt af með gífsi. Annarsstaðar má sprauta kvoðu til að ná R60. En þar sem stálsúlur eru hálfar inni í veggjum er nægilegt að verja þann hluta sem stendur út úr veggnum.

Verkís mun aðstoða verkkaupa með val á þykktum einangrunar m.t.t. stærðar og gerðar á stálbitum og súlum.

#### Reyklosun úr vinnslusal hússins

Reyklosun fyrir bygginguna var að öllum líkindum byggð á leiðbeiningum Brunamálastofnunar (nú Mannvirkjastofnun) sem heimilaði reyklosun sem hlutfall af flatarmáli rýmis og auðbrennanlegar þakplötur sem er jafnt dreift um þakið. „Fyrir hús með lítið brunaálag (minna en 400 MJ/m<sup>2</sup> gólfplatar) skal reyklosun vera a.m.k. 5% af gólfplatarmáli...“ Þakgluggi er merktur sem reyklosun á teikningum og í texta segir að um auðbrennanlegan glugga sé að ræða. Glugginn er um 170 m<sup>2</sup> að stærð og því rúmlega 10% af flatarmáli salarins. Reyklosunin ætti því að henta vel fyrir vélsmiðju og annan iðnað sem ekki er með mjög hátt brunaálag. Þar sem reyklosunar flatarmál er tvöfalt meira en lágmarks viðmiðun má leyfa hærra brunaálag. Verkís telur að brunaálag megj vera allt að 800MJ/m<sup>2</sup> í byggingunni en allt yfir það krefst sérstakrar greiningar og áhættumats. Þetta miðast við jafndreift brunaálag og að ekki sé um mjög hættuleg eða hraðbrennanleg efni að ræða. Það hefur þó ekki verið reiknað út sérstaklega.

Stórar hurðir eru á byggingunni (aðloft fyrir reyklosun) og gott aðgengi til slökkvistarfa.

## 2 Brunavarnartexti á aðaluppdrætti

### Upphaflegur texti um brunavarnir á samþykktum aðaluppdráttum:

„Stál í burðarvirki byggingarinnar verður ekki sérstaklega eldvarið, en reyklosun verður um auðbrennanlegan þakglugga í mæni vinnslusalar, þannig að hitastig í vinnslusal ekki að fara yfir 400°.

Stálklæðningar í þaki og veggjum vinnslusalar sem og allar aðrar klæðningar í byggingunni eru í flokki 1.

Véla- og vinnurými hússins verða hólfuð frá skrifstofu og starfsmannarýmum hússins með veggjum amk EI-60.

Milligólf skal hafa brunamótstöðu amk EI-60.

Í húsið komi sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi.

Vörðurðir í vinnslusal skulu tengjast viðvörðunarkerfi þannig að þær geti nýst sem rýmingarleiðir.

Af milligólfi er gert ráð fyrir björgunarropi og neyðarstiga.

Allar klæðningar skulu vera í flokki 1. Samlokueiningar í útveggjum og þaki verða klæddar gipsi uppfylli þær ekki kröfur reglugerðar um klæðningar í fl. 1. Útveggja og þakeiningar skulu hafa vottun bruna og byggingaryfirvalda.

Gera skal ráð fyrir neyðarlýsingu, útljósum og brunaslöngum í samræmi við byggingarreglugerð og ÍST EN 1838.

Nánari útfærsla á brunavörnum kemur fram í greinargerð brunhönnuðar.“

### Breyttur texti um brunavarnir á nýja aðaluppdrætti ASK arkitekta:

Stál í burðarvirki byggingarinnar er ekki eldvarið sérstaklega en reyklosun er um auðbrennanlegan þakglugga í mæni vinnslusalar. Þakglugginn er um 170m<sup>2</sup> að flatarmáli sem er um 10% af grunnfleti salarins. Þannig að meðalhitastig reykklags í vinnslusal á ekki að fara yfir 400°C.

Stálklæðningar í veggjum vinnslusalar eru ígildi klæðningar í flokki 1, trapisustál beggja vegna með steinull á milli. Í þaki er 200mm glerull til einangrunar og stálklæðning beggja vegna (sjá upplýsingar í byggingarlýsingu). Glerull er brennanleg einangrun en þolir þó almennt 400°C hita. Notkun glerullar er því talin ásættanleg í þessu þaki.

Allar aðrar klæðningar í húsinu eru í flokki 1 skv. byggingarreglugerð.

Véla- og vinnurými hússins er hólfuð frá skrifstofu og starfsmannarýmum með veggjum a.m.k. EI-60.

Milligólf skal hafa brunamótstöðu REI-60.

Í húsinu skal vera viðurkennt sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi.

Frá fundarherbergi á 2. hæð verður sett björgunarrop og neyðarstigi.

Neyðarlýsing og útljós eru í samræmi við byggingarreglugerð og ÍST EN 1838.

Brunaslöngur eru skv. byggingarreglugerð og er staðsetning þeirra sýnd á aðaluppdráttum.



## Össur Imsland

---

**From:** Sigfús Sigurðsson <sigfus@ver.is>  
**Sent:** 28. október 2013 14:01  
**To:** Össur Imsland  
**Subject:** RE: Íshella 10 - Hafnarfirði

Sæll Össur

Þar sem engin starfsemi er í húsinu né liggur fyrir hvaða starfsemi á að fara inn í það eru ekki gerðar neinar athugasemdir við teikningar af hálfu Vinnueftirlitsins á þessu stigi.

Kv,  
Sigfús Sigurðsson fagstjóri  
Vinnueftirlitið  
Administration of Occupational Safety and Health  
tel. +354 5504628/+354 5504600  
e-mail: [sigfus@ver.is](mailto:sigfus@ver.is)

---

**From:** Össur Imsland [mailto:[ossur@ask.is](mailto:ossur@ask.is)]  
**Sent:** 25. október 2013 09:53  
**To:** Sigfús Sigurðsson  
**Subject:** Íshella 10 - Hafnarfirði

Góðan dag

Meðfylgjandi eru nýjar aðalteikningar af Íshella 10 í Hafnarfirði, til umsagnar/samþykktar.  
Einnig er meðfylgjandi minnisblað til skýringa.

Ef eitthvað er óskýrt endilega hafið samband.

Með kveðju!



Össur Imsland  
byggingaráæðingar B.F.I  
Sími 515 0314  
GSM 866 1866  
[www.ask.is](http://www.ask.is) · Fyrirvarj